

Félagsþjónusta sveitarfélaga 2011

Municipal social services 2011

Samantekt

Árið 2011 fengu 7.715 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 805 (11,6%) frá árinu áður og um 1.721 (28,7%) frá 2009. Fjölmennustu hóparnir árið 2011 sem fengu fjárhagsaðstoð voru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,2% heimila) og einstæðar konur með börn (26,8% heimila). Árið 2011 var tæplega helmingur (48,3%) fjárhagsaðstoðarþega atvinnulaus og af þeim tæplega tveir þriðju án bótaréttar, alls 2.228 einstaklingar.

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2011 bjuggu 12.540 einstaklingar eða 3,9% þjóðarinnar, þar af voru 4.098 börn (17 ára og yngri) eða 5,1% barna á þeim aldri. Árið 2010 bjuggu 11.493 einstaklingar eða 3,6% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.974 börn eða 5% barna.

Árið 2011 nutu 7.999 heimili félagslegrar heimaþjónustu. Rúmlega fjögur af hverjum fimm þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.687 (83,6%) og hafði þeim fjölgað um 194 (3,0%) frá árinu 2010. Á þessum heimilum aldraðra bjuggu 8.386 einstaklingar og jafngildir það 20,9% þeirra landsmanna sem eru 65 ára og eldri. Í Reykjavík naut fjórðungur (24,8%) 65 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili árið 2011 voru 115 (2,5 stundir á viku) og hafði þeim fjölgað um eina frá árinu á undan. Tæp 43% vinnustunda voru eingöngu við þrif, en í öðrum tilvikum var einnig um persónulega þjónustu að ræða.

Árið 2011 nutu 2.057 börn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 286 (16,1%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 7% barna 0 til 5 ára í slíkri dagvistun árið 2011. Tæp 7% allra barna á fyrsta ári voru í dagvistun á einkaheimili og tæp 36% eins árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri.

Grunnur upplýsinga

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Samkvæmt 1. gr. laga um nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er „markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár“. Með félagsþjónustu samkvæmt lögunum er átt við ráðgjöf, aðstoð og þjónustu í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna og fleira. Árið 2011 fór fram tilfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til þjónustusvæða sveitarfélaga. Um þá þjónustu er ekki fjallað í þessu hefti.

Upplýsingaöflun

Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofan leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur verið leitað til sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa þar sem um eða yfir 98% íbúa landsins búa. Allt tímabilið hefur verið leitað



upplýsinga um fjárhagsaðstoð, félagslega heimþjónustu og dagvistun barna á einkaheimilum.

Fjárhagsaðstoð

Lög um fjárhagsaðstoð

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) tóku gildi í mars 1991. Samhliða féllu úr gildi framfærslulög frá árinu 1947. Í framfærslulögunum var fjallað um framfærslustyrki sveitarfélaga, en hugtakið fjárhagsaðstoð kom með tímanum í stað hugtaksins framfærslustyrkur. Fjárhagsaðstoð er samkvæmt lögunum síðasta úrræðið, lægsta öryggisnetið og beinist að þeim sem ekki geta séð fyrir sér og sínum (litið er á hjón/sambúðarfólk og börn yngri en 18 ára sem eina einingu) af eigin launatekjum, lífeyri eða bótum.

Leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytis

Félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga er skylt að setja reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar. Velferðarráðuneytið hefur gefið út leiðbeinandi reglur þar um og um grunnfjárhæð skv. 21. gr. laga nr. 40/1991. Um er að ræða tvenns konar reglur. Annars vegar leið A þar sem framfærsla barna er talin með, hins vegar leið B þar sem framfærsla barna er ekki talin með. Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð er grunnfjárhæð lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur umsækjanda og maka ef við á.

Í leið A teljast til heildartekna allar tekjur og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlög, barnabætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. og koma til frádráttar grunnfjárhæð. Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með þeim greiðslum. Í leið B teljast allar sömu tekjur og í A til tekna nema meðlög, barnabætur og mæðra-/feðralaun sem eru undanþegin. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárförðum í leið B öfugt við leið A.

Árið 2010 miðast fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri að lágmarki við 125.540 kr. á mánuði¹ samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum velferðarráðuneytisins, bæði í leið A og B. Grunnfjárhæðin hækkar miðað við fjölskyldustærð eins og sýnt er hér:

Krónur	Grunnfjárhæð	Leið A		Leið B	
		Margföldunarstuðull	Fjárhæð	Margföldunarstuðull	Fjárhæð
Einstaklingur	125.540	1,0	125.540	1,0	125.540
Hjón / sambúðarfólk	125.540	•	•	1,6	200.864
Tveggja manna fjölskylda	125.540	1,6	200.864	•	•
Þriggja manna fjölskylda	125.540	1,8	225.972	•	•
Fjögurra manna fjölskylda	125.540	2,0	251.080	•	•
Fimm manna fjölskylda	125.540	2,2	276.188	•	•

¹ Leiðbeinandi grunnfjárhæð ráðuneytis er miðuð við eftirtalda bótaflokka almannatrygginga í janúar 2005: örorkulífeyrir, tekjutrygging örorkulífeyrisþega og óskert heimilisuppbót, samtals 84.245 kr. Sú fjárhæð hefur verið uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs í desember ár hvert.

Í janúar 2011 sendi velferðarráðgjafi sveitarfélögum bréf þar sem ekki kom fram leiðbeinandi grunnfjárhæð vegna ársins 2011, en hvatt var til að grunnfjárhæð ársins 2010 yrði hækkuð meira en sem næmi hækking neysluverðsvisítölu (breyting 5,2%), þar sem lágmarksviðmið lífeyrisþega TR sem búa einir hafði verið hækkað verulega (í janúar 2009 og 2010) og fullar atvinnuleysisbætur næmu 150.000 kr. á mánuði.

Meðalgrunnfjárhæð og reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð árið 2011

Hagstofa leitaði upplýsinga um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar árið 2011 hjá sveitarfélögunum. Meðalfjárhæð vegin með fjölda íbúa í sveitarfélögunum var 138.145 kr. en ef vegið var með fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar var hún 141.167 kr. Eins og fram kemur í töflu 1 eru grunnfjárhæðir hærri á höfuðborgarsvæði en utan þess.

Árið 2011 hafa 58 af 60 sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa (97%) sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem byggja annað hvort á viðmiði A eða B. Í þeim sveitarfélögum búa rúm 99% íbúa sveitarfélaga að þessari stærð. Mikill meirihluti þeirra eru með reglur sem byggja á viðmiðum leiðar B. Þetta á við um 38 sveitarfélög þar sem búa 92% íbúa þessara sveitarfélaga.

Tafla 1. Reglur um fjárhagsaðstoð og grunnfjárhæð eftir sveitarfélögum 2011

Table 1. Municipal regulations on income support and basic amounts 2011

	Alls Total	Höfuðborgarsvæði Capital region			Önnur sveitarfélög Other municipalities
		Alls Total	Reykja- vík	Önnur Other	
Alls Total					
Fjöldi sveitarfélaga Number of municipalities	58	7	1	6	51
Meðalgrunnfjárhæð kr. Average basic income support ISK ¹	141.167	145.801	149.000	137.227	128.014
Íbúafjöldi Population	315.932	203.166	118.785	84.381	112.766
Leið A Rule A					
Fjöldi sveitarfélaga Number of municipalities	20	•	•	•	20
Meðalgrunnfjárhæð kr. Average basic income support ISK ¹	128.518	•	•	•	128.518
Íbúafjöldi Population	26.549	•	•	•	26.549
Leið B Rule B					
Fjöldi sveitarfélaga Number of municipalities	38	7	1	6	31
Meðalgrunnfjárhæð kr. Average basic income support ISK ¹	141.634	145.801	149.000	137.227	127.932
Íbúafjöldi Population	289.382	203.166	118.785	84.381	86.216

¹ Meðalgrunnfjárhæð vegin með fjölda viðtakenda. Average basic income support weighted with number of recipients.


Enn fjölgar viðtakendum fjárhagsaðstoðar

Árið 2011 fengu 7.715 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 805 (11,6%) frá árinu áður. Árið 2010 hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 916 (15,3%) frá árinu áður. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu. Breyting í fjölda fjárhags-

aðstoðarþega helst í hendur við hagsveiflur eins og glögglega kemur fram á mynd 1, sem sýnir fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar og árlegt hlutfall atvinnuleysis árin 1991 til 2011.

Mynd 1. Hlutfall atvinnulausra og fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar 1991–2011

Figure 1. Unemployment rates and number of recipients of income support 2001–2011



Frá árinu 2010 til 2011 jukust útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um rúma 691 milljón eða um rúmlega 23%, en á föstu verðlagi jukust þau um rúmlega 18%. Meðal mánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar jukust á sama tíma um 2 þúsund kr. eða 2,2%, en á föstu verðlagi lækkuðu þær um tæp 2%. Mánaðarfjöldi sem fjárhagsaðstoð var greidd var 4,6 mánuðir að meðaltali 2011, en 4,3 mánuðir 2010 (sjá töflu 7).

Aldur og fjölskyldugerð

Fjölmennasti hópurinn sem fékk greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið 2011 var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,2% heimila) og einstæðar konur með börn (26,8% heimila). Árið 2010 tók fyrrnefndi hópurinn til 43,6% heimila en sá síðar nefndi til 27,1% þeirra (sjá töflu 8).

Aldurssamsetning viðtakenda breytist lítið milli árána 2010 og 2011 og fjölmennasti aldurshópurinn var sem fyrr viðtakendur á aldrinum 25 til 39 ára eða tæp 42% heildarhóps árið 2011 en tæp 40% heildarhóps árið áður. Athyglisvert er að tæpur þriðjungur viðtakenda bæði árin 2010 og 2011 var 24 ára og yngri.

Íbúar á heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2011 bjuggu 12.540 einstaklingar eða 3,9% þjóðarinnar, þar af voru 4.098 börn 17 ára og yngri eða 5,1% barna á þeim aldri. Árið 2010 bjuggu 11.493 einstaklingar eða 3,6% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.974 börn eða 5% barna (sjá töflu 9).

Atvinnustaða fjárhagsaðstoðarþega

Milli árána 2010 og 2011 fjölga enn viðtakendum fjárhagsaðstoðar sem voru atvinnulausir. Þeir voru 3.634 (48,3%) árið 2011 en 2.947 (44%) árið 2010. Árið 2011 voru tæplega 63% hinna atvinnulausu án bótaréttar, en það átti við um rúmlega 61% þeirra árið 2010.

Tafla 2. Atvinnustaða viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 2009–2011
 Table 2. Employment status of recipients of municipal income support 2009–2011

	2009		2010		2011	
	Fjöldi Number	%	Fjöldi Number	%	Fjöldi Number	%
Alls þekkt Total known	5.744	100,0	6.694	100,0	7.521	100,0
Í starfi <i>Employed</i>	680	11,8	793	11,8	657	8,7
þar af í fullu starfi <i>thereof full-time</i>	485	8,4	400	6,0	371	4,9
þar af í hlutastarfi <i>thereof part-time</i>	195	3,4	212	3,2	265	3,5
þar af í hlutastarfi með hluta atvinnuleysisbætur <i>thereof part-time part-time insured</i>	–	–	181	2,7	21	0,3
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	2.323	40,4	2.947	44,0	3.634	48,3
þar af með bótarétt <i>thereof insured</i>	959	16,7	1.154	17,2	1.352	18,0
þar af án bótaréttar <i>thereof non-insured</i>	1.364	23,7	1.793	26,8	2.282	30,3
Lífeyrisþegar <i>Pensioners</i>	1.126	19,6	862	12,9	990	13,2
Sjúklingar <i>Patients</i>	1.003	17,5	1.039	15,5	1.183	15,7
Heimavinnandi <i>Housewives</i>	41	0,7	45	0,7	29	0,4
Nemar <i>Students</i>	523	9,1	752	11,2	826	11,0
Annað <i>Other</i>	48	0,8	256	3,8	202	2,7
Upplýsingar vantar <i>Unknown</i>	250	•	216	•	194	•
Alls Total	5.994	•	6.910	•	7.715	•

Félagsleg heimajónusta

Skilgreining félagslegrar heimajónustu

Með félagslegri heimajónustu er átt við aðstoð til handa þeim sem búa í heima- húsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Lög um félagslega heimajónustu

Árið 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum og voru þau í gildi allt fram til ársins 1991. Á þessum tíma var sveitarfélögum ekki skylt að veita heimilishjálp heldur var þeim heimilt að starfrækja slíka þjónustu. Hlutverk hennar var að veita hjálp á heimilum þegar sannað var með læknisvottorði eða á annan hátt að hjálparinnar væri þörf um stundarsakir. Með þessum lögum var lagður grunnur að félagslegri heimajónustu þó ýmsar breytingar hafi orðið á henni síðan, einkum þó er hún varð lögbundin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991). Reyndar var öldruðum tryggð heimilishjálp í lögum frá 1971 og hafa aldraðir löngum verið stærsti hópur þeirra sem njóta félagslegrar heimajónustu. Ríkisjóður greiddi sveitarfélögum lengi vel 1/3 hluta kostnaðar vegna heimilishjálpar við aldraða.

Heimili sem nutu heimajónustu fækkað vegna tilfærslu málefna fólks með fötlun

Árið 2011 nutu 7.999 heimili félagslegrar heimajónustu og hafði heimilum fækkað um 149 (-1,8%) frá árinu á undan. Skýring fækkunar heimila felst í fækkun heimila öryrkja/fatlaðra um 400 frá árinu 2010, þar sem þjónusta við fólk með fötlun fluttist til þjónustusvæða sveitarfélaga árið 2011 og eru þeir sem fengu félagslega heimajónustu á þjónustusvæðunum ekki meðtaldir hér. Rúmlega fjögur af hverjum fimm heimila sem fengu félagslega heimajónustu árið 2011 voru heimili aldraðra eða 6.687 (83,6%).

Heimili aldraðra sem nutu heimajónustu fjölgað

Heimilum aldraðra sem nutu félagslegrar heimajónustu hafði fjölgað árið 2011 um 194 (3,0%) frá árinu á undan. Frá árinu 2009 hafði þeim fjölgað um 527 (8,6%).

Tafla 3. Félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga eftir tegundum heimila 2009–2011

Table 3. Households receiving municipal home-help service 2009–2011

Fjöldi Number	Höfuðborgarsvæði Capital region				Önnur sveitar- félög ¹ Other municipalities ¹
	Alls Total	Alls Total	Reykja- vik	Önnur Other	
2009					
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.060	5.257	3.789	1.468	2.803
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	4.014	2.870	1.144	2.146
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.517	959	694	265	558
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	284	225	59	99
2010					
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.148	5.339	3.777	1.562	2.809
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.493	4.302	3.024	1.278	2.191
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.258	765	575	190	493
Önnur heimili <i>Other households</i>	397	272	178	94	125
2011					
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.999	5.199	3.571	1.628	2.800
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.687	4.379	3.055	1.324	2.308
Fatlaðir á heimili ² <i>Handicapped in households²</i>	858	490	303	187	368
Önnur heimili <i>Other households</i>	454	330	213	117	124

¹ 250 íbúar eða fleiri. 250 inhabitants or more.

² Árið 2011 fluttist þjónusta við fólk með fötlun til þjónustusvæða sveitarfélaga og eru þeir þjónustuþegar ekki meðtaldir hér. From the year 2011 services for people with disabilities were moved to municipality's service areas, which are not included in this data.

Árið 2011 voru 5.199 (65,0%) þessara heimila á höfuðborgarsvæðinu, þar af 3.571 (44,6%) í Reykjavík. Heimili aldraðra á höfuðborgarsvæðinu sem nutu heimaþjónustu fjölgaði um 77 eða 1,8% milli árunna 2010 og 2011. Á sama tímabili fjölgaði heimilum aldraðra í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins sem nutu heimaþjónustu um 117 eða 5,3%.

Aldraðir á heimilum sem nutu heimaþjónustu

Árið 2011 bjuggu 8.386 aldraðir eða 20,9% landsmanna 65 ára og eldri á heimilum sem nutu félagslegrar heimaþjónustu. Árið 2010 átti það við 8.091 eða 20,8% 65 ára og eldri. Árið 2011 naut fjórðungur (24,8%) 65 ára og eldri í Reykjavík félagslegrar heimaþjónustu. Árið 2011 naut 43,6% 80 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Tæp 60% aldraðra sem nutu heimaþjónustu bjuggu einir (sjá töflu 11).

Vinnustundum við heimaþjónustu fjölga á ný

Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili voru 114 (2,5 stundir á viku) árið 2010 og hafði vinnustundum fækkað um 4 frá fyrra ári. Á milli árunna 2010 og 2011 fjölgaði þeim um eina í 115 stundir (2,5 stundir á viku). Á heimilum aldraðra var meðalfjöldi vinnustunda 111 árið 2010 en 106 árið 2011 (sjá töflu 9).

Skipting vinnustunda við heimaþjónustu eftir tegund þjónustu

Vegna ársins 2011 var í fyrsta sinn leitað upplýsinga um skiptingu vinnustunda við heimaþjónustu eftir tegund, hvort um er að ræða eingöngu þrif eða persónulega þjónustu eða hvoru tveggja. Með þrifum er átt við þjónustu sem eingöngu felst í þrifum húsnæðis og/eða fataþvotti. Persónuleg þjónusta er öll önnur þjónusta.

Tafla 4. Skipting vinnustunda við félagsleg heimaþjónustu við aldraða eftir tegund þjónustu og kyni 2011

Table 4. Division of working hours on municipal home-help service to homes of the elderly by sex and type of service 2011

Hlutfallseg skipting Percent division	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Hjón/ sambúðar- fólk Couples	Fjöldi vinnu- stunda Number of working hours
Vinnustundir alls <i>Number of hours, total</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	•
Þrif eingöngu <i>Help on necessary practical duties</i>	42,6	40,8	37,7	56,2	(303.030)
Persónuleg þjónusta <i>Personal care</i>	2,8	2,2	2,7	3,5	(19.745)
Bæði þrif og persónuleg þjónusta <i>Both personal care and help on necessary practical duties</i>	54,7	57,0	59,6	40,3	(388.996)
Fjöldi vinnustunda <i>Number of working hours</i>	•	(152.730)	(397.228)	(161.813)	(711.771)

Tæp 43% vinnustunda við félagslega heimaþjónustu aldraðra árið 2011 voru við þrif eingöngu, tæp 3% var persónuleg þjónusta og loks tóku tæp 55% vinnustunda til hvoru tveggja. Rúm 77% vinnustunda voru veitt heimilum aldraðra sem búa einir og þar af voru tveir þriðju heimili kvenna. Þrif eingöngu voru í meira mæli veitt heimilum hjóna/sambúðarfólks en þeirra sem búa einir.

Dagvistun barna á einkaheimilum

Dagvistun barna á einkaheimilum.

Upplýsingar þær sem hér koma fram taka til barna sem vistuð eru hjá einstaklingum sem hafa leyfi (viðurkenningu) sveitarfélags til gæslu barna gegn greiðslu. Í flestum tilvikum niðurgreiða sveitarfélögin daggjöld vegna barnanna.

Börn sem nutu dagvistar

Árið 2011 nutu 2.057 börn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 286 (16,1%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 7% barna 0 til 5 ára í slíkri dagvistun árið 2011. Tæp 7% allra barna á fyrsta ári voru í dagvistun á einkaheimili og tæp 36% eins árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri.

Dvalartími barna í dagvistun

Árið 2011 dvaldi mikill meirihluti barna í dagvistun á einkaheimilum í 8 stundir eða lengur eða tæp 83% og átti það við um rúm 84% eins árs barna í slíkri dagvistun.

Tafla 5. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og lengd viðveru 2011
 Table 5. Children in daycare in private homes by age of children and daily attendance 2011

	Alls <i>Total</i>	Á fyrsta ári <i>first year</i>	1 árs <i>1 year</i>	2–5 ára <i>2–5 years</i>
Alls Total	2.057	294	1.711	52
4 klst. eða skemur <i>4 hours or less</i>	65	18	33	14
5 klst. <i>5 hours</i>	36	5	28	3
6 klst. <i>6 hours</i>	106	17	86	3
7 klst. <i>7 hours</i>	150	18	123	9
8 klst. <i>8 hours</i>	1.229	185	1.027	17
9 klst. <i>9 hours</i>	471	51	414	6
Hlutfallsleg skiping Percent distribution				
Alls Total	100,0	100,0	100,0	100,0
4 klst. eða skemur <i>4 hours or less</i>	3,2	6,1	1,9	26,9
5 klst. <i>5 hours</i>	1,8	1,7	1,6	5,8
6 klst. <i>6 hours</i>	5,2	5,8	5,0	5,8
7 klst. <i>7 hours</i>	7,3	6,1	7,2	17,3
8 klst. <i>8 hours</i>	59,7	62,9	60,0	32,7
9 klst. <i>9 hours</i>	22,9	17,3	24,2	11,5

Rúmlega fjögur börn að jafnaði á dagforeldri

Meðalfjöldi barna í gæslu á heimili voru 4,4 árið 2011, sem er örlítill aukning frá árinu 2010. Rúm 6% dagforeldra voru karlar bæði árin 2010 og 2011. Árið 2011 hafði rúmlega 50% dagforeldra starfað 5 ár eða skemur en það átti við rúm 43% þeirra árið 2010. Árið 2011 hafði tæplega 31% dagforeldra starfað 11 ár eða lengur en það átti við rúmlega þriðjung þeirra eða 34,5% árið 2010.

Tafla 6. Dagforeldrar eftir kyni og starfsaldri 2009–2011
 Table 6. Child minders in private homes by sex and period of employment 2009–2011

	Alls <i>Total</i>	5 ár eða skemur <i>5 year or less</i>	6 til 10 ár <i>6 to 10 years</i>	11 ár eða lengur <i>11 years or longer</i>	Heilsdagsbörn á dagforeldri <i>Full-time children per child minder</i>
2009					
Alls Total	403	202	79	122	4,0
Karlar <i>Male</i>	24	22	2	–	–
Konur <i>Female</i>	379	180	77	122	–
2010					
Alls Total	412	178	92	142	4,3
Karlar <i>Male</i>	26	25	1	–	–
Konur <i>Female</i>	386	153	91	142	–
2011					
Alls Total	472	237	89	146	4,4
Karlar <i>Male</i>	29	24	3	2	–
Konur <i>Female</i>	443	213	86	144	–

English summary

A total of 7,715 households received municipal income support in 2011, an increase by 805 (11.6%) from the year before and by 1,721 (28.7%) from the year 2009. Households of single men without children (43.2%) and households of single women with children (26.8%) were as before the biggest groups receiving income support. In the year 2011 nearly half (48.3%) of recipients of municipal income support were unemployed and thereof nearly two third non-insured or 2,228 individuals.

In households receiving income support in the year 2011 there were 12,540 individuals or 3.9% of inhabitants in the country, thereof were 4,098 children (17 years of age or younger) or 5.1% of all children in the country. In the year 2010 there were 11,493 individuals, 3.6% of inhabitants in the country, who lived in households receiving income support, thereof 3,974 children or 5% of all children in Iceland.

In the year 2011, 7,999 households received municipal home-help service. More than four of every five of these households were households of the elderly or 6,687 (83.6%). That was an increase of 194 (3.0%) households from the year 2010. A total of 8,386 individuals or 20.9% of inhabitants 65 years or older were living in these homes. In the municipality of Reykjavík, nearly 25% of that age group received home-help service. The average number of hours worked per household receiving municipal home-help service in the year 2011 was 115 (2.5 hours per week) and had the average number increased by 1 hour from the year before. Nearly 43% of hours wear help on necessary practical duties only but the rest included personal service also.

In the year 2011 2,057 children were enrolled in daycare in private homes, an increase by 286 (16.1%) from the year before. That was little more than 7% of children at the age of 0 to 5 years in the country. There of were nearly 7% of all children in the first year and nearly 36% of children 1 year of age, but those are children that have not reached the pre-primary school age.

Tafla 7. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og meðalgreiðslur 2009–2011*Table 7. Recipients of municipal income support 2009–2011*

	Fjöldi heimila <i>Number of homes</i>	Þar af nýir viðtakendur ¹ <i>Thereof new recipients¹</i>	Útgjöld, þús. kr. <i>Income support expenditure, thousand ISK</i>	Meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði, kr. <i>Average monthly income support per home, ISK</i>	Meðalfjöldi mánaða greitt <i>Average number of months paid</i>
2009					
Alls Total	5.994	3.211	2.287.851	91.540	4,2
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	4.399	2.293	1.935.722	98.400	4,5
Reykjavík	3.309	1.719	1.548.146	101.226	4,6
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.090	574	387.576	88.528	4,0
Önnur sveitarfélög ² <i>Other municipalities²</i>	1.595	918	352.129	66.177	3,1
2010					
Alls Total	6.910	3.924	2.987.149	101.342	4,3
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	5.113	2.788	2.501.422	105.186	4,7
Reykjavík	3.799	1.918	1.984.894	107.472	4,9
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.314	870	516.528	97.238	4,0
Önnur sveitarfélög ² <i>Other municipalities²</i>	1.797	1.136	485.727	85.290	2,7
2011					
Alls Total	7.715	4.017	3.678.917	103.517	4,6
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	5.705	2.865	3.002.352	108.706	4,8
Reykjavík	4.155	1.914	2.395.181	113.532	5,1
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.550	951	607.171	93.096	4,2
Önnur sveitarfélög ² <i>Other municipalities²</i>	2.010	1.152	676.565	85.371	3,3

1 Fengu ekki greitt á fyrra ári. *Did not receive support the year before.*

2 Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

Tafla 8. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð og aldri 2010–2011
 Table 8. Families receiving social assistance from municipalities by type of family and age 2010–2011

Hlutfallsleg skipting Percent distribution							Fjöldi fjölsk./ heimila No. Of families/ house- holds
	Alls Total	24 ára og yngri years or younger	25–39 ára years	40–54 ára years	55–64 ára years	65 ára og eldri years or older	
2010							
Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i>	100,0	32,6	40,4	19,2	5,4	2,3	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,0	0,2	0,8	1,0	0,1	0,0	(140)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	43,6	14,9	16,8	8,3	2,7	1,0	(3.016)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	27,1	7,5	14,6	4,6	0,3	0,0	(1.871)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	19,1	9,0	4,3	3,2	1,6	0,9	(1.322)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	5,8	0,6	3,3	1,6	0,3	0,0	(401)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,3	0,4	0,6	0,5	0,4	0,4	(160)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(2.254)	(2.791)	(1.327)	(376)	(162)	(6.910)
2011							
Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i>	100,0	31,3	41,8	19,2	5,3	2,3	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	1,9	0,1	0,9	0,8	0,1	0,0	(150)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	43,2	14,4	17,4	7,9	2,7	1,0	(3.336)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	26,8	6,7	14,8	5,0	0,2	0,0	(2.066)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	19,5	9,1	4,7	3,2	1,6	0,9	(1.506)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	5,9	0,7	3,2	1,7	0,2	0,0	(455)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,6	0,3	0,8	0,6	0,5	0,5	(202)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(2.417)	(3.228)	(1.480)	(409)	(181)	(7.715)

Tafla 9. Íbúar á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir aldri og sveitarfélögum 2009–2011

Table 9. Members of municipal income support households by age and region 2009–2011

		17 ára og yngri	18–24 ára	25–39 ára	40–54 ára	55–64 ára	65 ára og eldri
	Alls <i>Total</i>	<i>years or younger</i>	<i>years</i>	<i>years</i>	<i>years</i>	<i>years</i>	<i>years or older</i>
Fjöldi íbúa <i>Number of inhabitants</i>							
2009							
Alls <i>Total</i>	10.427	3.892	1.825	2.725	1.452	389	144
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7.104	2.412	1.318	1.988	1.013	263	110
Reykjavík	5.180	1.669	928	1.491	788	209	95
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1.924	743	390	497	225	54	15
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	3.323	1.480	507	737	439	126	34
2010							
Alls <i>Total</i>	11.493	3.974	2.327	3.066	1.503	428	195
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	8.044	2.605	1.695	2.231	1.075	294	144
Reykjavík	5.870	1.837	1.190	1.658	851	216	118
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2.174	768	505	573	224	78	26
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	3.449	1.369	632	835	428	134	51
2011							
Alls <i>Total</i>	12.540	4.098	2.493	3.551	1.699	481	218
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	8.632	2.553	1.778	2.612	1.204	331	154
Reykjavík	6.370	1.944	1.248	1.912	883	256	127
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2.262	609	530	700	321	75	27
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	3.908	1.545	715	939	495	150	64
Hlutfall af aldurshópum <i>Percentage of age groups</i>							
2009							
Alls <i>Total</i>	3,3	4,8	5,6	4,0	2,2	1,2	0,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	3,5	4,9	6,5	4,3	2,5	1,3	0,5
Reykjavík	4,4	6,1	7,6	5,3	3,3	1,7	0,7
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2,3	3,3	4,8	2,8	1,3	0,6	0,2
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	2,9	4,9	4,2	3,3	1,9	1,0	0,2
2010							
Alls <i>Total</i>	3,6	5,0	7,0	4,5	2,3	1,2	0,5
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	4,0	5,2	8,1	4,9	2,7	1,4	0,6
Reykjavík	4,9	6,7	9,5	5,9	3,7	1,7	0,8
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2,6	3,4	6,1	3,3	1,3	0,9	0,3
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	3,0	4,6	5,3	3,8	1,8	1,1	0,3
2011							
Alls <i>Total</i>	3,9	5,1	7,4	5,3	2,7	1,4	0,5
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	4,2	5,1	8,4	5,8	3,0	1,5	0,6
Reykjavík	5,4	7,2	9,8	6,9	3,8	1,9	0,8
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2,7	2,7	6,3	4,0	1,9	0,8	0,3
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	3,4	5,2	5,8	4,4	2,1	1,2	0,4

¹ Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

Tafla 10. Fjöldi vinnustunda¹ við heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila 2009–2011
 Table 10. *Number of hours¹ of service given to households receiving municipal home-help service 2009–2011*

	Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	Fjöldi heimilis- manna <i>Number of inhabitants in households</i>	Hlutfall 65 ára og eldri <i>Percent of 65 years and over</i>	Meðalfjöldi vinnustunda á heimili á ári ² <i>Average hours worked per household²</i>			
				Alls <i>Total</i>	Þrif ein- göngu <i>Necessary practical duties only</i>	Persónuleg þjónusta eingöngu <i>Only personal care</i>	Bæði þrif og persónu- leg þjón. <i>Both personal care and help on nec. pract.</i>
2009							
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.060	11.106	•	118	•	•	•
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	7.691	20,3	116	•	•	•
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	1.517	2.469	•	128	•	•	•
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	946	•	111	•	•	•
2010							
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.148	10.966	•	114	•	•	•
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.493	8.093	20,8	111	•	•	•
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	1.258	1.953	•	133	•	•	•
Önnur heimili <i>Other households</i>	397	920	•	86	•	•	•
2011							
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.999	11.754	•	115	46	7	63
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.687	8.386	20,9	106	45	3	58
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	858	2.258	•	190	53	22	116
Önnur heimili <i>Other households</i>	454	1.110	•	102	42	30	29

1 Fjöldi heimila og vinnustunda allt árið. *Number of households and hours worked the whole year.*

2 Með þrifum er átt við þjónustu sem eingöngu felst í þrifum húsnæðis og/eða fataþvotti. Persónuleg þjónusta er öll önnur þjónusta. *Necessary practical duties are cleaning of households and/or washing of cloths. Personal service include all other services.*

Tafla 11. Íbúar á heimilum aldraðra sem njóta heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila, kyni og aldri 2010–2011Table 11. *Members of the elderly households receiving municipal home-help service by type, sex and age 2010–2011*

	2010			2011		
	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í sambúð <i>Married/ cohabiting</i>	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í sambúð <i>Married/ cohabiting</i>
Fjöldi <i>Number</i>						
Alls 65 ára og eldri						
Total 65 years and older	8.091	4.893	3.198	8.386	4.988	3.399
65–74 ára <i>years</i>	1.585	799	786	1.675	859	815
75–79 ára <i>years</i>	1.761	967	794	1.762	922	839
80 ára og eldri <i>years and older</i>	4.745	3.127	1.618	4.950	3.206	1.744
Karlar alls <i>Males total</i>						
Total 65 years and older	2.982	1.383	1.599	3.104	1.405	1.699
65–74 ára <i>years</i>	682	289	393	695	287	408
75–79 ára <i>years</i>	683	286	397	697	277	420
80 ára og eldri <i>years and older</i>	1.617	808	809	1.713	841	872
Konur alls <i>Females total</i>						
Total 65 years and older	5.109	3.510	1.599	5.282	3.583	1.699
65–74 ára <i>years</i>	903	510	393	980	572	408
75–79 ára <i>years</i>	1.078	681	397	1.065	645	420
80 ára og eldri <i>years and older</i>	3.128	2.319	809	3.237	2.365	872
Hlutfall aldurshópa						
Percent of age groups						
Alls 65 ára og eldri						
Total 65 years and older	20,8	12,6	8,2	20,9	12,4	8,5
65–74 ára <i>years</i>	7,8	3,9	3,9	7,9	4,0	3,8
75–79 ára <i>years</i>	23,2	12,7	10,4	23,4	12,2	11,1
80 ára og eldri <i>years and older</i>	43,1	28,4	14,7	43,6	28,2	15,3
Karlar alls <i>Males total</i>						
Total 65 years and older	16,7	7,7	8,9	16,7	7,6	9,2
65–74 ára <i>years</i>	6,8	2,9	3,9	6,6	2,7	3,9
75–79 ára <i>years</i>	19,4	8,1	11,3	20,1	8,0	12,1
80 ára og eldri <i>years and older</i>	36,7	18,3	18,3	37,3	18,3	19,0
Konur alls <i>Females total</i>						
Total 65 years and older	24,3	16,7	7,6	24,5	16,6	7,9
65–74 ára <i>years</i>	8,7	4,9	3,8	9,1	5,3	3,8
75–79 ára <i>years</i>	26,4	16,7	9,7	26,1	15,8	10,3
80 ára og eldri <i>years and older</i>	47,4	35,2	12,3	47,8	35,0	12,9

Tafla 12. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og landsvæðum 2009–2011

Table 12. Children in daycare in private homes by age of children and region 2009–2011

	Alls <i>Total</i>	Á fyrsta ári <i>first year</i>	1 árs <i>1 year</i>	2 ára <i>2 years</i>	3 ára <i>3 years</i>	4 ára <i>5 years</i>	5 ára <i>6 years</i>
2009							
Alls Total	1.614	168	1.359	76	6	2	3
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.019	118	884	15	1	1	–
Reykjavík	597	73	507	15	1	1	–
Önnur <i>Other</i>	422	45	377	–	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	595	50	475	61	5	1	3
2010							
Alls Total	1.771	253	1.501	14	1	1	1
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.256	195	1.053	7	1	–	–
Reykjavík	744	106	632	5	1	–	–
Önnur <i>Other</i>	512	89	421	2	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	515	58	448	7	–	1	1
2011							
Alls Total	2.057	294	1.711	46	1	5	–
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.485	181	1.290	14	–	–	–
Reykjavík	844	102	731	11	–	–	–
Önnur <i>Other</i>	641	79	559	3	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	572	113	421	32	1	5	–
Hlutfall af aldurshópum							
Percent of age groups							
2009							
Alls Total	5,9	3,7	28,3	1,7	0,1	0,0	0,1
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	5,8	3,9	27,9	0,5	0,0	0,0	–
Reykjavík	6,0	4,1	28,0	0,9	0,1	0,1	–
Önnur <i>Other</i>	5,5	3,5	27,9	–	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	6,2	3,3	29,1	3,7	0,3	0,1	0,2
2010							
Alls Total	6,4	5,7	30,5	0,3	0,0	0,0	0,0
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7,0	6,6	32,0	0,2	0,0	–	–
Reykjavík	7,4	6,3	33,5	0,3	0,1	–	–
Önnur <i>Other</i>	6,6	7,1	30,0	0,1	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	5,4	3,8	27,4	0,4	–	0,1	0,1
2011							
Alls Total	7,4	6,6	35,6	1,0	0,0	0,1	–
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	8,2	6,2	40,8	0,4	–	–	–
Reykjavík	8,3	6,1	41,2	0,6	–	–	–
Önnur <i>Other</i>	8,0	6,3	40,3	0,2	–	–	–
Önnur sveitarfélög ¹ <i>Other municipalities¹</i>	6,0	7,3	25,6	2,1	0,1	0,3	–

¹ Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

Hag tíðindi **Heilbrigðis-, félags- og dóm smál**
Statistical Series ***Health, social affairs, justice***

97. árg. • 31. tbl.

ISSN 0019-1078

2012:1

ISSN 1670-4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4681 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series